



Austurvegur 65a - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar
Austurvegi 67
800 Selfoss

Selfossi, 7. apríl 2025
2412018HS SHJ

Efni: Stóra-Hraun L215875, nr. 1450/2024 - Umsögn um deiliskipulagstillögu

Þann 27. febrúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi frá Sveitarfélaginu Árborg í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tillögu að deiliskipulagi fyrir nýtt öryggisfangelsi á Stóra-Hrauni L215875 í landi Sveitarfélagsins Árborgar við gatnamót að Eyrarbakka og Stokkseyri.

Deilisskipulagssvæðið er um 114 ha að stærð og innan þess er gert ráð fyrir öryggisfangelsi ásamt tilheyrandi þjónustu- og stoðbyggingum. Afmarkaðir eru tveir byggingarreitir og er heildarflatarmál bygginga á báðum reitum 17.605 m². Neysluvatn kemur frá vatnsveitu Árborgar. Fráveita verður lögð í hreinsistöð innan lóðar. Gert er ráð fyrir að hreinsistöðin anní allt 300 þe á sólarhring. Skólpi frá eldhúsi veitt í gegnum fitugildru og skólpi frá iðnaðarhúsnæði verður veitt í gegnum olíuskilju áður en því er veitt í hreinsivirki. Hreinsað skólpi frá hreinsistöð verður leitt í núverandi skurðakerfi sem liggur í gegnum deiliskipulagssvæðið. Regnvatni frá þéttum flötum verður veitt í umhverfið sem næst upptökum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

1. Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur fram að skólpi frá iðnaðarhúsnæði verði veitt í gegnum olíuskilju áður en því er veitt í skólpi.

Af ofangreindu orðalagi er ekki ljóst hvort gert er ráð fyrir að frárennsli frá olíuskilju verði veitt í skólphreinsistöð innan lóðar eða eitthvert annað.

HSL bendir á að jarðolía og sterk hreinsiefni í fráveituvatni hefur neikvæð áhrif á virkni minni skólphreinsistöðva. Því skal leiða allt skólpi sem fer í gegnum olíuskiljur í sér hreinsivirki. Jafnframt er áréttað að einungis fráveita frá gólfniðurföllum og vöskum sem notaðir eru til að hreinsa áhöld og tæki í þeim rýmum þar sem olía er meðhöndluð skal leidd í olíuskilju.



2. Í greinargerð deiliskipulagstillögunnar kemur ekki fram hverskonar starfsemi kemur til með að fara fram í nefndu iðnaðarhúsnæði.

Skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag samkvæmt skipulagslögum. Ef um starfsleyfisskyldan atvinnurekstur er að ræða í nefndu iðnaðarhúsnæði, er nauðsynlegt að fjalla með skýrum hætti um það í deiliskipulagstillögunni og tilgreina leyfilegt umfang hans þar sem það á við, eftir atvikum í sértækum skilmálum fyrir viðkomandi landnotkunarreit, sbr. 1. mgr. 6.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 eða, ef það á betur við, með því að skilgreina sérstakan landnotkunarreit í aðalskipulagi, sbr. 2. mgr. 6.2. gr. sömu reglugerðar.

3. Á skipulagsstigi þarf að liggja fyrir hvort gera þurfi áhrifamat framkvæmdar og/eða starfsemi á vatnshlot samkvæmt ákvæðum laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Ef fyrirséð er að sú starfsemi sem skipulagstillagan gerir ráð fyrir hafi bein eða óbein áhrif á vatn, t.a.m. vegna losunar fráveitu eða nýtingu vatns, skal gera mat á áhrifum hennar á öll viðkomandi vatnshlot. Á þetta við um allt yfirborðsvatn og grunnvatn, vistkerfi þeirra og vistkerfi sem tengjast þeim að vatnsbúskap og burtséð frá því hvort það vatn sem verður fyrir áhrifum tilheyrir afmörkuðu vatnshloti eða ekki, sbr. kafla. 1.3 í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnunnar) um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot, útg. Desember 2024. Mikilvægt er að mat á áhrifum starfseminnar á vatn sé framkvæmt eins snemma í undirbúningsferlinu og hægt er.

Bent er á að umhverfismarkmið vatnshlota, sbr. III kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota aldrei hningna miðað við þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau, hvorki tímabundið né varanlega. Jafnframt er bent á að óheimilt er að veita leyfi fyrir framkvæmd/starfsemi sem hefur bein eða óbein áhrif á vatnshlot sem leiða til þess að lögbundnum umhverfismarkmiðum þeirra verður ekki náð, nema að undanþága frá umhverfismarkmiðunum hafi verið veitt.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,


Stella Hrönn Jóhannsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi